



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

42. tölublað 5. árgangur mars 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú að....

Kakkalakki getur lifað í 9 daga án höfuðs áður en hann sveltur til bana!



Kasper, Jasper, Jónatan

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jákvæður raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Sólin hækkar stöðugt á lofti og færir okkur birtu og yl. Undanfarnar tvær vikur hefur flest í skólanum snúist um að undirbúa árshátíð sem er fimmtudaginn 10. mars kl. 17⁰⁰. Að þessu sinni eru nemendur að æfa saman atriði úr Kardimommubænum, svo er dansatriði og söngur, sem sagt, líf og fjör og mikil vinna sem liggur að baki æfingum fyrir árshátíð og sviðsmynd sem þarf að búa til. Svo er stutt í páskafrí en sjáumst fyrst á árshátíð.



Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Árshátíð Árskógar skóla



Verður **fimmtudaginn 10. mars kl. 17:00** í félagsheimilinu Árskógi.

Miðaverð: 18 ára og eldri 1000 kr. 6-18 ára 500 kr. 0-6 ára frítt.

Nemendur Árskógar skóla fá frítt.

Foreldrafélag skólans selur súpu, brauð og kaffi að lokinni sýningu á vægu verði.

Allur ágóði er til styrktar fjölbreyttu starfi foreldrafélagsins og skólans fyrir nemendur.

Þemað er Kardimommubærinn

Allir velkomnir og við vonum að sem flestir láti sjá sig.

Nemendur og starfsfólk Árskógar skóla

Breytingar á starfsmannahóp

Þann 1. apríl verða breytingar á starfsmannahópnum þar sem Gerður Olofsson hættir á Kötlukoti þar sem hún hefur starfað sem leikskólakennari frá stofnun skólans. Anna Lauga Pálsdóttir hefur verið ráðin í starfið og hefur störf 1. apríl. Við þökkum Gerði fyrir hennar góða starf og bjóðum Önnu Laugu velkomna í starfsmannahópinn. Helga Ester Snorradóttir hefur fengið launalaust leyfi veturinn 2016-2017 vegna starfa erlendis. Helga hættir því í sumar.

Samskipti og skólabragur

Í skólanámskrá er fjallað um áherslur skólans við að byggja upp náms- og sjálfsgaga hjá nemendum sem er ein grunnstoðin í mótun jákvæðs skólabrags og uppbyggilegra samskipta. Ef nemandi brýtur skólareglur ítrekað fer hann í einvistun og fær svo tækifæri til að koma aftur í hópinn með áherslu á að læra af mistökunum. Það er réttur hvers barns í skóla að hafa *vinnufrið* til að sinna sínu námi enda er vinnufriður skilgreindur í aðalnámskrá sem eitt grundvallarréttinda nemenda svo kennslan nýtist honum sem best. Eftir aðalnámskrá leik- og grunnskóla starfar skólinn og foreldrar eru hvattir til að kynna sér þær vel sem og skólareglur og fleira sem viðkemur ramma skólans.

Allt um skólabrag, skólareglur og fleira þessu tengt [hér á heimasíðu skólans](#).



Litahegðun-upprifjun heima

Flestir eru **græni karlinn** eða vilja vera hann. Sumir þurfa aðstoð við að vera sá græni og tilvalið að æfa sig heima enda best fyrir mann sjálfan þegar manni líður vel.

Allt er vænt sem vel er...

Rauður

Vill ráða
Lemur
Meiðir
Segir ljótt
Er æstur

Líður illa

Gulur

Vill ráða
Trufur
Stríðir
Segir ljótt

Líður illa

Grár


Er leiður
Lætur aðra
krakka ráða
yfir sér
Fýlu-stjórnar

Líður
frekar illa

Grænn

Hlustar
Hjálpar
Er glaður

Líður vel



Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:00.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2015-2016](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**A**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**ðing



Viðburðadagatal mars 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

	1 I. bekkur skíði	2 Stóra upp- lestrarkeppnin í Bergi kl. 14 ⁰⁰ 	3 Baltasar 2 ára 	4	5	6
7	8 I. bekkur skíði Adele 1 árs 	9 Félagsmiðstöð I.-3. bekkur 16:45-18:15	10 Árshátíð kl. 17 ⁰⁰ 	11	12	13
14	15 I. bekkur skíði	16	17	18	19	20
21 Grunnskólastig páskafri Kötlukot opið Hugrún 9 ára 	22 Grunnskólastig páskafri Kötlukot opið	23 Grunnskólastig páskafri Kötlukot opið	24 Skírdagur lokað	25 Föstudagurinn langi lokað	26	27 Páskadagur  Sigurbjörn 9 ára 
28 Annar í páskum Lokað Natan 1 árs 	29	30 Tindri 1 árs 	31			